



Stjórnarfundur Þekkingarsetursins haldinn 11. 3. 2014

Dagskrá:

- 1.) Staða mála
- 2.) Efling menntunar
- 3.) Samstarf á sviði textíl
- 4.) Húsnæðismál
- 5.) Starfsmannamál
- 6.) Önnur mál

Arnar Þór setti fund kl. 08:40 og bauð fundarmenn velkomna. Mætt eru á fundinn Katharina Schneider, Arnar Þór Sævarsson, Valgarður Hilmarsson og Þóra Sverrisdóttir. Þóra ritar fundargerð.

1. Cat er komin til starfa eftir fæðingarorlof, Dan er farinn í fæðingarorlof. Katharina fór á fyrsta ársfund Þekkingarsetra sem haldinn var í Sandgerði í febrúar og var það gagnlegt. Starfsemi þekkingarsetrana er mjög mismunandi út um landið. Flest eru í náttúruvísindum. Það er mikil sérstaða hjá okkur með textílinn. Kynningarfundir voru haldnir í A-Hún. í síðustu viku vegna þarfagreiningar um námsframboð sem gerð var sl. haust á Norðurlandi vestra, einnig var kynnt tilraunaverkefni um hækkun menntunarstigs í Norðvesturkjördæmi. Lára Magnúsdóttir og Sæunn Stefánsdóttir, forstöðumaður rannsóknarseturs Háskóla Íslands, komu í heimsókn í lok febrúar og leist vel á starfsemi Þekkingarsetursins. Óformlegt samkomulag er við Blönduskóla um notkun á fundarsal í kjallara. Settar verða upp sólargardínur þar eins og hafa verið settar upp í öðrum rýmum Þekkingarsetursins. Einnig var rætt um að athuga með kaup á húsgögnum í fundarsalinn.
2. Nú stendur fyrir dyrum að vinna út frá niðurstöðum þarfagreiningarinnar um námsframboð. Umræður eru í gangi við Farskóla NI. vestra varðandi eflingu menntunar á svæðinu. Á næstunni verður enskunámskeið með áherslu á ferðaþjónustu. Á morgun verður háskóladagurinn á Akureyri, farið verður í rútu héðan, dreifnámið fer ásamt fleirum.

3. Jóhanna var ráðin sem verkefnastjóri í 50% starfi við textíl frá 1. janúar sl. og út árið 2014.  
Búið er að undirrita samstarfsyfirlýsingu milli Þekkingarsetursins og Heimilisiðnaðarsafnsins varðandi sérfræðivinnu og opnun fyrir listnema sem dvelja á listamiðstöð Kvennaskólans.  
Ákveðið var að fá fund sem fyrst með Jóhönnu og Erlu varðandi fyrirbyggjandi verkefni á sviði textíls.  
Ullarráðstefnan er í undirbúningi á vegum Textílsetursins.
4. Hörður er kominn með aðstöðu á skrifstofu í Kvennaskólanum á vegum Farskólans. Farskólinn vill gera samning við Þekkingarsetrið um það fram á sumarið. Athuga þarf með leyfi hjá Byggðasamlagi um menningar- og atvinnumál til Þekkingarseturs til þess.  
Skiltamál eru enn í vinnslu fyrir Kvennaskólann. Skiltið verður sett yfir gluggann á enda hússins.
5. Endurnýja þarf ráðningarsamninga við Cat og Dan þar sem komið er að því að endurnýja atvinnu- og dvalarleyfi fyrir þau í vor. Dan verður í 50% starfi hjá Hólum frá og með 1. júní.  
Ákveðið var að ræða við þau um framhald þeirra verkefna.
6. Nú er fyrirbyggjandi að Þekkingarsetrið fær 19 milljónir á árinu 2014 til reksturs.  
Ársreikningar þurfa að liggja fyrir fyrir 15. apríl. Stefnt er að því að halda ársfund í byrjun maí.  
Valgarð skýrði frá átaksverkefninu í ferðamálum sem gengur vel, verið er að útbúa ferðabækling fyrir A-Hún. og vinna að markaðsmálum.  
Hugmyndasmiðja er í gangi á fimmtudögum frá kl. 17-20 og er hún vel sótt.  
Cat var að velta fyrir sér hvort hægt sé að ráða rannsóknarnemanda á aldrinum 16-18 ára í sumar, varðandi skráningar og fleira. Katharinu og Arnari falið að skoða þetta.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og samþykkt.  
Fundi slitið kl. 11:30.

Þóra Sverrisdóttir